

Umsókn um viðbótarlán með ríkisábyrgð skv. lögum nr. 25/2020



Nafn umsækjanda:

Kennitala:

hér eftir „fyrirtækið“ eða „umsækjandi“, sækir hér með um viðbótarlán með ríkisábyrgð sökum verulegs og ófyrirséðs tekjutaps fyrirtækisins í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19). **Umbeðin lánsfjárhæð:**

Umsókn þessi er sett fram í samræmi við breytingu á lögum um ríkisábyrgðir nr. 121/1997, samkvæmt 15. gr. laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru nr. 25/2020, og samning milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Umsókn um viðbótarlán með ríkisábyrgð skal beint að aðalviðskiptabanka umsækjanda. Með umsókn þessari staðfestir fyrirtækið að aðalviðskiptabanki þess er Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, hér eftir „Íslandsbanki“ eða „bankinn“.

Það er skilyrði fyrir veitingu viðbótarlána með ríkisábyrgð að umsækjandi sé fyrirtæki, þ.e. lögaðili og eftir atvikum maður sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem ber hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, er í lausafjárþörf og hefur orðið fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020 vegna efnahagslegra áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru. Veiting viðbótarlána er enn fremur háð því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Launakostnaður umsækjanda var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum ársins 2019.
- Umsækjandi hefur orðið fyrir ófyrirséðu tekjutapi á árinu 2020, sem nemur að lágmarki 40%, miðað við sama tímabil árið 2019 eða miðað við tekjur samliggjandi mánaða á árinu 2020, sem beint eða óbeint leiðir afheimsfaraldri kórónuveiru og ráðstafana sem honum tengjast.
- Umsækjandi ber fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- Frá 1. mars 2020 hefur hvorki umsækjandi né móðurfélag, ef við á, greitt út arð til hluthafa eða keypt eiginhlutabréf. Frá sama tíma hefur hvorki umsækjandi né móður- eða dótturfélag umsækjanda, ef við á, greitt óumsamda kaupauka, veitt eða greitt lán til endanlegra eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðslu(r) á víkjandi láni fyrir gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi umsækjanda.
- Umsækjandi var ekki í fjárhagserfiðleikum þann 31. desember 2019 í skilningi EES réttar, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisástoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs kórónuveiru, frá 19. mars 2020. Skilgreining á því hvort fyrirtæki teljist hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímavertíki koma fram í Viðauka I við fyrrnefndan samning milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána. Samningurinn er aðgengilegur á vef Seðlabanka Íslands'.
- Umbeðin lánsfjárhæð er ekki umfram tvöfaldan árslaunakostnað ársins 2019.
- Umsækjandi getur staðið í skilum við lánardrottna sína þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru.
- Umsækjandi hefur nýtt sér viðeigandi úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins, sem honum stendur til boða. Það er jafnframt skilyrði fyrir veitingu viðbótarláns að umsækjandi hafi nýtt sér öll önnur úrræði við lausafjávanda sínum sem honum standa til boða hjá bankanum.

Með undirritun á umsókn þessa lýsir fyrirtækið því yfir að það uppfylli ofangreind skilyrði viðbótarlánveitingar með ríkisábyrgð.

Með undirritun á umsókn þessa veitir fyrirtækið Íslandsbanka fullt og ótakmarkað umboð til þess að sækja upplýsingar í skuldastöðukerfi Creditinfo um stöðu allra innlána, útlána og annarra fjárskuldbindinga við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, líffeyrissjóði, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eða aðrar fjármálastofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila.

Fyrirtækið ábyrgist réttmæti þeirra upplýsinga sem það veitir bankanum um fjárhags- og eignastöðu sína í tengslum við umsóknina. Reynist upplýsingar og/eða gögn sem fyrirtækið leggur til, vera röng eða gefa með einhverjum hætti ranga eða villandi mynd af fjárhags- og eignastöðu fyrirtækisins eftir að umsóknin hefur verið samþykkt hefur bankinn heimild til þess að afturkalla samþykkið og falla frá fyrirhugaðri lánveitingu.

Bankinn áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum en í umsókninni greinir.

Fyrirtækinu er bent á að hafa samband við sinn tengilið í bankanum eða með tölvupósti á netfangið fyrirtaeki@islandsbanki.is ef spurningar vakna vegna umsóknarferlisins. Umsókn þessari má skila inn til bankans í tölvupósti á framangreint netfang en hún skal þó ávallt vera undirrituð af hálfu fyrirtækisins. Fyrirtækið skal afhenda bankanum frumrit umsóknarinnar sé þess óskað síðar.

Staður

Dagsetning

Undirritun f.h. fyrirtækisins

Fylgigögn með umsókninni

- Ársreikningar síðustu 2ja ára hið minnsta (2017 og 2018).
- Ársreikningur 2019 (endurskoðaður ef hann er til annars drög).
- Áætlanir (rekstrar- og sjóðstreymisáætlun) fyrir árin 2020-2022 til að meta rekstrarhæfi fyrirtækisins til framtíðar.
- Staðfesting á tekjutapi (bókhaldsgögn sem sýna að tekjutap nemi að lágmarki 40%, miðað við sama tímabil árið 2019 eða miðað við tekjur samliggjandi mánaða á árinu 2020).
- Staðfesting á launakostnaði (bókhaldsgögn sem sýna að launakostnaður hafi numið a.m.k. 25% af heildarútgjöldum ársins 2019).
- Umfjöllun umsækjanda um þau úrræði sem umsækjandi hefur nýtt sér í tengslum við lausafjávanda sinn, svo sem þau úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem umsækjandi hefur nýtt sér.

Vakin er athygli á því að lánveitanda ber að varðveita gögn vegna umsókna um viðbótarlán með ríkisábyrgð í 10 ár.

https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Skjol-fyrir-forsidufrettir/Samningur_fmefnrm_Sedlabanki_v_vidbotarlana_17ap2020.pdf

